

7. fundur landssambandsstjórnar DKG 2022-2023 haldinn fimmtudaginn 30. mars kl. 16:30 – 17:30 2023 fjarfundur

Mættar: Guðrún Edda Bentsdóttir Kappadeild, forseti, Guðný Helgadóttir Gammadeild, 2. varaforseti, Elísabet Jóhannesdóttir Deltadeild, meðstjórnandi, Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir Alfadeild, fráfarandi forseti og Eygló Björnsdóttir Betadeild, vefstjóri.

Forföll: Aníta Jónsdóttir Betadeild, 1. varaforseti, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir Nýdeild, ritari og Kristín Helgadóttir Betadeild, gjaldkeri.

Dagskrá:

1. Fundargerðir 5. og 6. fundar lagðar fram til samþykktar og þær samþykktar.
2. International Achievement Award - Umræður um þær konur sem eru tilnefndar til þessarar viðurkenningar alþjóðasamtakanna. Fjórar konur eru á lista. Samþykkt að leggja fram tillögu um eftirfarandi röðun í sæti.
 1. Becky Sadowski - Tennessee
 2. Ina Jean Barnes – New Mexico
 3. Elizabeth (Libby) Watson - Alabama
 4. Odelia Schrunck – Iowa
3. Landssambandsþingið 13. og 14. maí:

Guðrún Edda, forseti, fór yfir stöðuna á skipulagningunni en dagskráin er komin á vefinn.

Laugardagurinn 13. maí

1. Gestur þingsins frá alþjóðasamtökunum, Marie-Antoinette DeWolf, Evrópuforseti, lendir á Keflavíkurflugvelli á föstudeginum 12. maí þar sem Guðrún Edda tekur á móti henni og saman aka þær til Hveragerðis og gista þar á ráðstefnuhótelinu, Hótel Örk, 12. - 14. maí. Við þinglok verður hún gestur Guðrúnar Eddu sem býður upp á skoðunarferð að ósk gestsins og gistingu. Hún mun svo fljúga heim á mánudagsmorgni þann 15.
2. Skráning - Farið yfir fyrirkomulag skráningar. Guðný býðst til að afhenda nafnspjöld við komu og Kristín tekur að sér að bera saman skráningu og greiðslur. Guðrún Edda mun biðja gjaldkera að hnippa í þær sem hafa skráð sig en ekki greitt og samþykkt var að gefa frest fram að fimmtudeginum 11. maí en samt gefa konum kost á mæta og borga við komu gerist þess þörf.
3. Tónlistaratriði - Guðrún Edda hefur beðið Epsilondeildina að sjá um að það verði tónlistaratriði við upphaf dagskrár og einnig að kanna hvort möguleiki væri á að einhver gæti komið fram við kvölddagskrána.
4. Menti/Palet - Guðrún Edda hefur samband við Ingileif Ástvaldsdóttur sem var í menntamálanefndinni um að hafa umsjón með því að umræður um erindi rati á

skjá í gegnum þetta forrit. Einn ritara þarf á hvert borð sem tekur að sér skráningu í forritið.

5. Guðrún Edda fer yfir fyrirlesarana og áhugaverð efni sem þeir bjóða upp á.
6. Menningarferð á Listasafn Árnassýslu, Hveragerði - Ekki enn ljóst með hvaða hætti léttar veitingar verða.
7. Undirbúningur og skipulag fyrir hátíðarkvöldverðinn - Guðrún Edda fer yfir helstu skipulagsatriði.
 1. Hlutverk - veislustjórn, skreytingar, söngblöð (Epsilondeildin)
 2. Tónlistaratriði - Epsilondeild
 3. Fáni - Guðný ræðir við Ingibjörgu Einars
 4. Rósir - rauðar (þakkir) og hvítar (minnast látinna félaga)

Sunnudagurinn 14. maí - Aðalfundur

8. Guðrún Edda, forseti, fór yfir hefðbundna dagskrá og rætt var um ýmis hlutverk og skipan í þau:
 1. Setning - Guðrún Edda Bentsdóttir, forseti
 2. Orð til umhugsunar - ?
 3. Minning látinna félaga - Hefð er að minnast látinna félaga með nokkrum minningarorðum og einni hvíttri rós. Sjö konur hafa fallið frá á starfstíma stjórnarinnar. Rætt var um hver ætti að hafa þetta hlutverk með höndum á þinginu, deild hins látna, formaður félaganefndar eða landssambandsstjórnin. Ákveðið var að Guðrún Edda færi þess á leit við Ingibjörg Jónasdóttur eða Ingibjörgu Einarsdóttur, formann félaga- og útbreiðslunefndar.
 4. Ávarp Evrópuforseta - Ræðuefni? Rætt um hvort það væri frjálst eða ekki, hvort efnið sé háð því sem er efst á baugi úti. Þar sem Evrópuforsetinn, Marie-Antoinette, hefur óskað eftir hugmyndum virðist hún hafa nokkuð frjálst val svo samþykkt var að óska eftir umfjöllun frá henni um hlutverk samtaka eins og þessara í framtíðinni og þátt Evrópuhluta þess innan alþjóðasamtakanna.
 5. Fundarstjórn - Ingibjörg Elsa Guðmundsdóttir
 6. Fundarritarar – Ritari landssambandsstjórnar og Epsilondeildar?
 7. Skýrsla stjórnar - Forseti
 8. Reikningar- Gjaldkeri
 9. Fjárhagsáætlun – Gjaldkeri
 10. Árgjald - Samþykkt óbreytt
 11. Skýrslur nefnda – Munu liggja frammi á þinginu. Guðrún Edda mun fljótlega senda út áminningu um skil.
 12. Úthlutun úr námsstyrkjasjóði - Formaður styrkjanefndar sér um afhendingu til styrkhafa og hefur samband við hann um að vera viðstaddur

afhendinguna. Umræður spunnust í framhaldinu um hvort og hvernig ætti að haga kynningum styrkhafa á verkefnum þegar þeim væri lokið.

Samþykkt að benda styrkhöfum á þekkingarforðann og reyna eftir bestu getu að finna stund og stað fyrir kynningu, t.d. að koma inn á deildarfundi með stutt erindi. Umræður um lagabreytingu á styrk þar sem fram kemur að fullum styrk mætti skipta á milli verkefna séu þau fleiri en eitt.

13. Kosningar - Formaður uppstillingarnefndar kynnr og fundarstjóri ber undir til atkvæðagreiðslu.
 14. Atkvæðagreiðsla - Fundarstjóri
 15. Ályktanir og tillögur sem berast til landsambandsþings - Formaður laganefndar
4. Námskeiðið í Austin í júní – Guðrún Edda hefur rætt við tilvonandi forseta um að fara á námskeiðið og samþykkti hún það. Einnig mun 1. varaforseta verða boðið fara ásamt henni í stað gjaldkera.
 5. Fræðslufundurinn með Sigríði H. Jónsdóttur 27. mars sl. - Guðrún Edda gerir grein fyrir því að mikil ánægja var meðal stjórnar og stjórna deilda með fræðslufundinn, konur voru þakklátar og mæltist fundurinn vel fyrir. Góð leið til að hrista samtökin saman. Stjórnir hafa þörf fyrir eitthvað fyrir sig.
 6. Evrópuráðstefnan í Tampere í júlí – Kynning hefur farið fram á Evrópuvefnum og nú er komin dagskrá með flottum fyrirlesurum.
 7. Önnur mál
 1. Ingibjörg Elsa minnr á það sem þarf að vera komið inn á vefinn fyrir þingið og tímamörk.
 - a. Dagskráin
 - b. Tillögur uppstillingarnefndar
 - c. Lagabreytingar

Rætt um hvort að birting opinberlega á heimasíðu sé nægilegt. Mælt með að senda líka áminningu í pósti og vísa í heimasíðuna með hlekk. Eygló hefur sent út frétt um lagabreytingar.

2. Ingibjörg Elsa minnr einnig á rósakaupin og hefðir í því sambandi. Rætt um að vera glöggskyggn fjöldann sem hefð er fyrir að fái rós á þinginu. Gestgjafinn, Epsilondeildin, sér um rósakaupin.

3. Í lokin voru dagsetningar ræddar um fyrirhugaðan fund landssambandsstjórnarinnar í raunheimi í tilefni þess að við ljúkum störfum eftir 2 ár og höfum aðeins einu sinni hist utan sýndarveruleikans á skjánum. Ekki náðist niðurstaða og tími fundinn síðar.

Fundi slitið klukkan, 17:43 og stefnt að næsta fundi 24. apríl.

Fundargerð skrifaði, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir